



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Norræna frímerkjasýningin er vissulega hátíð safnara, tilhlökkunarefni fyrir alla sem skipa frímerkjum í æðri sess, en hún er líka hátíð sögu og menningar, vettvangur þar sem sjálfsmyndir þjóða og lífsins gildi birtast okkur á fjölbreyttan hátt.

Á ungum aldri í lítilli vestfirskri sjávarbyggð voru frímerkin leiðarvísar okkar vinanna um veröldina, til fjarlæggra landa og á vit merkra atburða fyrri tíðar. Frímerkin menntuðu okkur og glöddu; kenndu okkur að meta kosti Íslands, auðlegð náttúrunnar, baráttuna fyrir sjálfstæði og fullum rétti. Okkar litlu söfn voru í senn uppspretta stolts og gleði.

Norræna frímerkjasýningin er vitnisburður um sjálfsvitund frændþjóðanna en líka leikvöllur þar sem samfélag safnara metur hið besta. Þar birtast okkur merkileg söfn, æviverk; ávöxtur natni og iðju. Hinir stóru í safnarafjölskyldunni álíka stoltir og við strákarnir vorum ungir fyrir vestan.

Ég færi NORDIA 2013 árnaðaróskir og þakka öllum sem hér hafa komið að verki.